



# Áfangaskýrsla ART verkefnisins á Suðurlandi

Starfsárið 2014

Bjarni Bjarnason  
verkefnisstjóri

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Markmið.....	3
Aðferðir.....	4
Starfið.....	5
Lokaorð.....	6

## **Inngangur**

Árið 2014 hafa 27 börn og fjölskyldur verið í ART meðferð hjá ART teymi Suðurlands. Þessar fjölskyldur hafa komið í fjölskyldu-ART meðferð hjá teyminu og börnin hafa samhliða fengið ART þjálfun í skólanum. Teymið hefur séð um handleiðslu þeirra starfsmanna sem þjálfað hafa börnin í ART í skólanum, bæði þar sem hóp-ART (meðferð) og bekkjar-ART (þjálfun) hefur verið. Börnin hafa þá fengið ART þjálfun þrisvar í viku í skólanum og verið í fjölskyldu-ART meðferð einu sinni í viku.

ART (Aggression Replacement Training) er hugræn atferlismeðferð sem er þrjúþætt: félagsfærni, sjálfstjórnun/reiðistjórnun og siðferðisþjálfun. Í dag er unnið með ART bæði sem meðferðarmódel þar sem boðið er upp á ART í minni hópum í skólanum og fjölskyldu-ART sem ART teymi sér um. Einnig er ART þjálfun notuð sem forvörn, bekkjar-ART, og styður það við meðferðar-ARTið. Með því næst betri árangur og sú yfirfærsla sem nauðsynleg er. Bekkjar-ART styður þó ekki eingöngu við meðferð þeirra einstaklinga sem eiga í vanda, heldur styrkir það börnin öll sem fá þjálfunina í betri félagslegum samskiptum, sjálfstjórn og bættu siðferði. ART þjálfun styður sérstaklega við grunnþætti gildandi aðalnámskráa leik-, grunn- og framhaldsskóla.

## **Markmið**

Markmið ART þjálfunar er tvíþætt. Annars vegar er markmiðið að gera börnunum kleift að fá meira út úr lífinu - að styrkja félagsfærni þeirra, sjálfsálit, samskipti og aðlögun í félagslegu umhverfi. Búast má við að markmið séu ekki þau sömu hjá hverju barni, heldur mismunandi og einstaklingsbundin.

Meðferðin hjálpar fjölskyldum í vanda til að takast á við uppeldi barna sinna og samskipti vegna þeirra út á við. Hún styrkir foreldrana í að takast á við erfiða hegðun barna og bæta samskipti innan fjölskyldunnar.

## Aðferðir

Börn sem koma í meðferð hjá ART teymi fá fjölskyldu-ART í 12 skipti sem dreifast á fjóra og hálfan mánuð. Eftir fyrsta samtal byrjar 10 vikna prógramm þar sem foreldrar koma án barnanna fyrstu fjórar vikurnar og læra hugmynda- og aðferðafræðina. Næstu sex vikurnar koma börnin með og vinna með foreldrum og systkinum bæði í tíma og heima. Fjölskyldan vinnur svo áfram heima undir handleiðslu ART teymis og mætir svo 2 sinnum með mánaðar millibili til að bera saman bækur sínar með öðrum fjölskyldum úr fjölskyldu-ART hópnum. Í flestum tilvikum fer ART af stað í skólunum fyrir börnin á sama tíma.

Þau börn sem eru í ART meðferð hjá teyminu núna eru fædd 1998 til 2008 og hafa verið í fjölskyldu-ARTi og ARTi í sínum skóla vorið 2014. Börnin hafa eftirfarandi greiningar og félagslega erfiðleika:

- ❖ ADHD
- ❖ Kvíðaraskanir
- ❖ Depurð
- ❖ Mótþróaþrjóscuröskun
- ❖ Misþroski
- ❖ Málþroskaröskun
- ❖ Einhverfa
- ❖ Börn undir greiningar viðmiðum en hafa komið inn vegna félagslegra erfiðleika.

## Starfið

Inntökuráð ART teymis samanstendur af barnalækni, sálfræðingi heilsugæslu og verkefnisstjóra ART teymis. Inntökuráð kom saman þann 13. desember 2013 og fjallaði um 33 umsóknir sem fyrir lágu. 27 voru samþykktar og var farið að vinna með börnin og fjölskyldur þeirra í janúar 2014.

ART teymið heldur nú á vorönn 2 námskeið, annað á Reykjanesi og hitt á Suðurlandi. Einnig eru 7 námskeið bókuð á haustmánuðum fyrir leik- og grunnskóla. Þrjú námskeið á Suðurlandi, tvö á Reykjanesi og tvö á Norðurlandi. Áætlað er að Reykjanes byrji með fjölskyldu-ART haustið 2014 og mun ART teymi mennta og handleiða einstaklinga til þeirra verka.

Ýmis konar þróunarvinna er stöðugt í gangi í teyminu. ART þjálfun hefur verið aðlöguð að ólíkum aldurshópum leik- og grunnskóla og nú er í gangi þróunarverkefni í samvinnu við Verkmenntaskólann á Neskaupsstað, en skólinn hefur síðast liðin þrjú ár verið að þróa ART þjálfun sem námsgrein í skólanum. Þjálfunin hefur nýst einstaklingum sem hafa verið í áhættuhópi fyrir brottfall afar vel og hefur dregið verulega úr brottfalli í skólanum.

ART teymið hefur nú þjálfað 570 manns, annars vegar kennara sem nú geta sinnt ART þjálfun nemenda í leik-, grunn- og framhaldsskólum og hins vegar starfsfólki sem kemur að starfi með börnum í skóla-, félags- og heilbrigðisþjónustu víða um land.

ART verkefnið á Suðurlandi var eitt af verkefnum sóknaráætlunar fyrir Suðurland 2020.

Velferðarráðuneytið samþykkti í kjölfarið fjárframlag til verkefnisins árin 2013, 2014 og 2015, en gert var ráð fyrir að framlaginu fylgdi að verkefnið næði út fyrir Suðurland og teymið færi að starfa á landsvísu. Þróunin hefur verið sú að mikil eftirspurn hefur myndast eftir þjónustu teymisins um allt land. Nú er svo komið að tveir af þremur starfsmönnum teymisins eru uppteknir af námskeiðshaldi, þjálfun og handleiðslu utan Suðurlands stóran hluta ársins. Það gerir það að verkum að einn starfsmaður þarf að sinna þeim þungu meðferðarerindum sem stöðugt eru í vinnslu á Suðurlandi. **Nauðsynlegt er því að fjölga starfsmönnum ART teymisins um einn, úr þremur í fjóra, því stór hluti vinnu teymisins fer fram í tveggja manna teyimum.**

## Lokaorð

Starfsmenn teymisins sjá mikinn mun hjá foreldrum þar sem að þeir nýta sér þau nýju verkfæri sem þeir fá í hendurnar með ART meðferðinni daglega, ekki bara með börnum sínum heldur líka í samskiptum við skóla. Þar sem orðið hefur misbrestur á í samskiptum foreldra og skóla hefur ART þjálfun jafnan bætt samskiptin verulega.

Meiri munur er á árangri barnanna þar sem kennarar eru virkir og þjálfar ART í skólanum samhliða því að teymið vinnur með fjölskylduna. Samvinna þeirra aðila sem koma að barninu er lykilatriði.

Póstáritun:

Félags- og tryggingamálaráðuneytinu  
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu  
150, Reykjavík